



Fundur FFM með bekkjatenglum haldinn 11. október 2017 kl.18 í Myllubakkaskóla í stofu 13

Mættir eru: Hjörleifur Hannesson formaður, Gunnhildur Þórðardóttir ritari og bekkjarfulltrúi í 2. bekk, Anita Arnarsdóttir varamaður, Karólína Óskarsdóttir meðstjórnandi og bekkjarfulltrúi í 7.bekk, Katrín M. Aradóttir varamaður og bekkjarfulltrúi 8.bekk og 4.bekk, Ása Björg Ingimarsdóttir bekkjartengill 1. Bekkur og Linda María Hauksdóttir bekkjarfulltrúi í 6.bekk.

Dagskrá

Fundur settur kl.18.07

- 1. Bekkjartenglar – hlutverk.** Formaður bauð bekkjarfulltrúa velkomna og rætt var um hlutverk bekkjartengla sem er að stuðla að auknu samstarfi foreldra, kennara og nemenda. Að skipuleggja viðburði með nemendum og foreldrum einn fyrir jól og annan á vorönn. Rætt um að virkja foreldra betur, gera símakeðjur og skilaboðakeðja, reglur varðandi afmæli og upphæðir fyrir gjafir osfrv.
- 2. Starfið í vetur.** Rætt var um hvað bekkjartenglar ætla að gera, margar spennandi hugmyndir og vonandi munu allir vera virkir með sína viðburði. Rætt um fræðslufundi FFGÍR sem eru framundan.
- 3. Annað.** Rætt um að hafa fræðslu fyrir foreldra og nemendur. Mikið rætt um símanotkun barna og hvernig eigi að bregðast við og hvað úrræðaleysið er mikið. Nýjum bekkjarfulltrúum var bætt við bekkjarfulltrúagrúppuna á facebook. Ekki fleira gert.

Fundi slitið kl. 19.20